

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 220/2016

2018/EES/56/05

frá 2. desember 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/842 frá 27. maí 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 167/2008 að því er varðar nafn leyfishafa og viðskiptaheiti hníslalyfs ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við í lið 1zzzzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 167/2008) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

„– **32016 R 0842:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/842 frá 27. maí 2016 (Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 47).“*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/842, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 47.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.